

Reykjavík, 28.4.2014

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Umsögn um frumvarp til laga um örnefni, 481. mál.

Fyrir hönd Samsýnar ehf. langar mig að koma á framfæri athugasemdum við frumvarp til laga um örnefni (þingskal 832 – 481. mál). Við gerum engar athugasemdir við frumvarpið sjálft og fögnum því að gögnin verði öllum aðgengileg án gjaldtöku. Jafnframt vonumst við til þess að frumvarpið, verði það að lögum, leiði til þess að skráning örnefna verði betri og nákvæmari en hún er í dag.


Ástæða þess að við viljum fjalla um og vekja athygli á frumvarpinu er sú að Samsýnar ehf. er tvisvar getið í athugasemdum með frumvarpinu, bæði í 5. kafla almennra athugasemda og svo í athugasemd við gr. 9. Þar segir: „Ákveðin hættu er á að alþjóðavæðing á sviði upplýsingatækni í nútímanum verði til þess að menningararfðir glatist. Dæmi um þetta er miðlun og framsetning landfræðilegra upplýsinga um Ísland á vefkortum fyrirtækja og samtaka (t.d. Samsýnar ehf., Google maps, OpenStreetMap) þar sem íslensk örnefni liggja ekki endilega til grundvallar. Opinn og aðgengilegur örnefnagrunnur stuðlar að samræmi upplýsinga og þar með auknu öryggi notenda sem byggja staðarvitund sína í auknum mæli á verkfærum líkt og snjallsímum eða fistölvum með innbyggðri staðsetningartækni (t.d. GPS).“

Þó það hafi ekki verið ætlun höfunda frumvarpsins að setja textann fram á þann hátt, má vel skilja hann svo að á kortum Samsýnar, sem bæði birtast á vefnum og í leiðsögutækjum, sé ekki notast við íslensk örnefni. Sú túlkun er ekki rétt því Samsýn hefur alla tíð notast við IS50V örnefnagrunn Landmælinga Íslands (LMÍ) í sinni útgáfu og stundum jafnvel hlotið ama af, þegar staðsetning þeirra hefur ekki verið nægilega nákvæm. Samsýn hefur verið leiðandi í að nota örnefni og önnur gögn LMÍ í útgáfustarfsemi, m.a.s. þegar kaupa þurfti gögnin dýrum dómum og greiða birtingargjöld. Okkar kort hafa alltaf innihaldið allan IS50V örnefnagrunn LMÍ en auk þess höfum við bætt við örnefnum eftir eigin vitund, sem og merkingum fyrir fjölda þjónustustaða.

Við höfum lagt á það áherslu í okkar markaðsstarfi að við notumst við opinber íslensk gögn og höfum með því talið að okkar kort séu betri og nákvæmari en kort erlendra aðila svo sem Google og Open Street Map. Þannig höfum við reynt að aðgreina okkur frá þeim fyrirtækjum og þeirra kortum og sárnar því að vera spyrnt saman við þau í athugasemdum með frumvarpinu, því okkar vara hefur ávallt byggst á bestu opinberu íslenskum gögnum sem til eru.

Það sem hefur helst staðið okkur fyrir þrifum í notkun örnefnagagnagrunns í gegnum tíðina var gjaldtakan, sem stóð út árið 2012 og olli sú stefna því að gögnin voru minna notuð en ella auk þess að vera veruleg hindrun í allri vöruþróun. Að auki hefur staðsetningarnákvæmni ekki alltaf verið upp á það besta og teljum við mikilvægt að ráðin verði bót á því í þeim örnefnagagnagrunni sem byggður verður upp í kjölfar þess að frumvarpið verði að lögum, enda okkar kort notuð víða við leit og björgun, aðgerðastýringu í náttúruvá, leiðsögn og afþreyingu almennings.

f.h Samsýnar ehf.

Stefán Guðlaugsson
stjórnarformaður